

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Ræktunarsjóð jarðarinnar Tröð í Bjarnardal í Önundarfirði, útgefin á venjulegan hátt, ad mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 5. september 1930. Skipulagsskráin er þannig: 84
5. sept.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Ræktunarsjóð jarðarinnar Tröð í Bjarnardal í Önundarfirði.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Ræktunarsjóður jarðarinnar Tröð í Bjarnardal í Önundarfirði. Stofnfé hans er kr. 100,00 — eitt hundrað krónur — gefið af Rósinkrans A. Rósinkranssyni, árið 1929. Tekjur sjóðsins eru vextir hans og annað fé, er honum kann að áskotnast.

2. gr.

Þegar höfðustóll sjóðsins er orðinn kr. 200,00, má lána ábúanda jarðarinnar Tröð allt að $\frac{3}{4}$ hlutum hans til fóðurkaupa í harðindum, fyrir þær skepnur, sem á Tröð eru fóðraðar. Lánið sé tryggt með veði í þeim skepnum, sem á jörðinni eru. Má það vera vaxtalaust frá 1. apríl til 1. október, enda sé það þá að fullu greitt. Aldrei má ábúandi né heyásetningarmaður setja á framlög úr sjóðnum.

3. gr.

Þegar höfuðstóll sjóðsins er orðinn kr. 2000,00, má verja allt að hálfum vöxtum hans til jarðabóta á Tröð. Þó ekki yfir kr. 2,00 á dagsverk, eins og það er metið samkvæmt þeim reglum, sem á hverjum tíma gilda um mælingu jarðabóta.

Þegar höfuðstóll sjóðsins er orðinn kr. 10000,00, má verja allt að $\frac{3}{4}$ hlutum vaxtanna til húsaþbygginga úr steinsteypu á Tröð, eða jarðabóta eftir sömu reglum og áður er getið.

4. gr.

Nú vinnur ábúandi litlar eða engar jarðabætur eitt eða fleiri ár, leggjast þá vextir sjóðsins við höfuðstólinn að því leyti, sem þeir koma ekki til útborgunar, sbr. 3. gr., og eru aldrei kræfir sem jarðabótastyrkur frekar en höfuðstóll sjóðsins.

84

5. sept.

Nú eru tveir eða fleiri ábúendur á Tröð. Hafa þeir þá rétt til styrks úr sjóðnum í hlutfalli við ábúðarhundrað þau, er þeir búa á. Þó getur einn ábúandi jarðarinnar fengið allan styrkinn, ef hinir vinna ekki til hans. Lán til fóðurkaupa eftir 2. gr. skiptast eftir ábúðarhundraðum.

6. gr.

Hreppsnefnd Mosvallahrepps stjórnar sjóðnum og ávaxtar hann í Útbúi Landsbankans á Ísafirði. Skal hún semja reikning yfir sjóðinn ár hvert og senda sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu til endurskoðunar.

Lán má hreppsnefnd veita úr sjóðnum eftir 2. gr., þegar lánbeiðandi hefir sannað, að hann þurfi lánsins með og sett tryggingu fyrir því. Jarðabótastyrkinn skal hún greiða þegar ábúandi hefir sannað með vottorði tveggja skilríkra manna, sem hreppsnefndin tekur gilda, að hann hafi unnið jarðabæturnar, og að þær séu vel af hendi leystar.

Stykkishólmi, 18. desember 1929.

Rósinkrans A. Rósinkransson.

85

8. sept.

AUGLÝSING

um

staðfestingu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á breytingu á heilbrigðissamþykkt fyrir Ólafsfjarðarkauptún í Eyjafjarðarsýslu.

Samkvæmt lögum nr. 64, 10. nóv. 1905, um heilbrigðissamþykktir fyrir bæjar- og sveitarfélög, er hérmeð staðfest eftirfarandi breyting á heilbrigðissamþykkt fyrir Ólafsfjarðarkauptún í Eyjafjarðarsýslu frá 18. júní 1910:

Breyting

á heilbrigðissamþykkt fyrir Ólafsfjarðarkauptún.

1. gr.

Í staðinn fyrir hreppstjóri í 2. gr. komi: „þjónandi læknir, annars hreppstjóri“.

Síðari málsgrein 3. gr. falli burtu, en í þess stað komi: „Hreppstjóra skal